

15. gr.

Við kaup fasteignar getur kaupandi yfirtekið leiðréttingarskyldu vegna eftirstöðva tímabils skv. 14. gr. að því leyti sem hann hefur frádráttarrétt vegna eignarinnar. Seljandi skal leiðrétta innskatt að því leyti sem frádráttarréttur kaupanda kann að vera minni en seljanda. Að öðru leyti fellur leiðréttingarskylda seljanda samkvæmt reglugerð þessari niður.

Tilkynna skal skattstjóra um yfirtöku leiðréttingarskyldu samkvæmt þessari grein. Tilkynning skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

16. gr.

Um bókhald og varðveislu gagna vegna breytingar á forsendum fyrir frádrætti innskatts fer samkvæmt reglugerð nr. 501/1989, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila, með síðari breytingum.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu skv. 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

18. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 16. gr., sbr. 49. gr., laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 530/1989, um frádrátt virðisaukaskatts, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 18. febrúar 1991.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

AUGLÝSING

**um afnám gjaldskrár nr. 53/1991 fyrir sorphreinsun í Stöðvarhreppi
fyrir árið 1991.**

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphreinsun í Stöðvarhreppi fyrir árið 1991 nr. 53, frá 26. janúar 1991, er hér með numin úr gildi.

2. gr.

Auglýsing um afnám gjaldskrár þessarar er gerð skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. febrúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.